



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bækling um Græna planið

Á fundi borgarráðs þann 29. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Inn um lúgur borgarbúa eru að berast litprentaður bæklingur útgefnir af Reykjavíkurborg upp á 64 bls. um Græna Plan borgarinnar og fasteignaþróunarverkefni. Borgarstjóri lætur sér ekki nægja að upplýsa borgarbúa, heldur sendir hann bæklinginn í nágrannasveitarfélög Reykjavíkurborgar. Þetta er bruðl að mati borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Vakin er athygli á því að borgin hefur nýlega farið í átak til að hvetja íbúa til að sniðganga pappírsbæklinga en borgin fer sjálf gegn eigin hvatningu með því að dreifa pappír inn um allar lúgur óumbeðin. Augljóst er að Reykjavíkurborg er komin langt út fyrir hlutverk sitt en það er ekki hlutverk Reykjavíkurborgar að auglýsa Græna planið, sem ekki er búið að samþykkja, og fasteignaverkefni á kostnað útsvarsgreiðenda. Í þessu samhengi mætti velta fyrir sér af hverju þeir sem eru að selja eldri fasteignir fái þá ekki sambærilega auglýsingu frá útsvarsgreiðendum. Þá hafa birst auglýsingar í fjölmiðlum vegna sama máls. Óskað er upplýsinga um hvar og hvenær ákvörðun um útgáfu þessa bæklinga og auglýsinga var tekin? Hvaða fjárheimildir hafi legið fyrir ákvörðuninni. Fór gerð bæklinga og dreifing í útboð? Hvað kostaði hönnun, prentun og dreifing bæklinga? Hver var heildarkostnaður við vinnslu blaðsins og auglýsinga og í hverju fólst hann?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. nóvember 2020.

Svar :

Með útgáfu rits um stöðu húsnæðismála í Reykjavík er verið að miðla upplýsingum um mikilvægt málefni fyrir borgarbúa. Byggt er á tölulegum upplýsingum og áherslum borgarinnar í Húsnæðisáætlun Reykjavíkur og hvernig verið er að mæta á áskorunum á húsnæðismarkaði. Í húsnæðisáætluninni eru sett fram töluleg markmið um fjölda íbúða sem þurfa að fara í uppbyggingu til lengri og skemmri tíma. Helstu byggingarsvæðin í borginni eru skilgreind í húsnæðisáætlun og í upplýsingaritinu er varpað ljósi á hvernig þeirri uppbyggingu miðar. Sérstaklega er dregið fram hvernig Reykjavíkurborg beitir sér fyrir uppbyggingu í samvinnu við húsnæðissamvinnufélög, verkalýðshreyfinguna, samtök eldri borgara, námsmenn og eigin leigufélag borgarinnar, Félagsbústaði.

Reykjavíkurborg hefur um árabíl leitast við að greina stöðuna á húsnæðismarkaðnum og hverjar búsetuóskir íbúa borgarinnar, höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar eru enda ríkir samkeppni á milli sveitarfélaga landsins um íbúa. Kannanir sem Reykjavíkurborg hefur látið framkvæma á búsetuóskum hafa jafnan sýnt að íbúar nágrannasveitarfélaga og landsbyggðarinnar hafa áhuga á að búa í höfuðborginni. Í síðustu könnun sem framkvæmd

var fyrir Reykjavík á húsnæðismarkaðnum og búsetuóskum landsmanna í október 2020 svara 14% íbúa nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur og 4% íbúa landsbyggðarinnar því til að þeir munu flytja til Reykjavíkur næst þegar þau flytja. 80% Reykvíkinga svara því til að þeir eigi von á að næsta búeta þeirra verði áfram í borginni og hefur sú tala farið hækkandi síðustu ár og var 68% árið 2018.

Allt eru þetta upplýsingar sem eiga erindi til borgarbúa og verður ekki síður ljóst ef málin eru sett í samhengi við núverandi stöðu. Uppfærð Húsnæðisáætlun haustið 2020 telur yfir 24.000 íbúðir en til samanburðar er heildarfjöldi íbúðaeininga yfir 55.000 í borginni í dag.

Upplýsingarritið var unnin af almannatengslafyrirtækinu Athygli ehf sem hefur undanfarin ár unnið að sams konar bæklingi. Ákvörðun um gerð ritsins er tekin á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og er kostnaðarstaður þess þar. Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot. Þeim til stuðnings voru starfsmenn Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og upplýsingadeild. Vinna starfsmanna borgarinnar fólst aðallega í að yfirfara upplýsingar um stöðu einstakra verkefna.

Upplag ritsins var 63.500 eintök. Stærð blaðs 64 bls., 23x30 cm í 4+4 lit, prentað á FSC og PEFC vottaðan pappír.

Kostnaður við gerð ritsins var krónur. 10.240.777 fyrir utan virðisaukaskatt og skiptist hann á eftirfarandi hátt:

- I. Vinna Athygli var samtals 3.257.442 kr. Undir þessum lið er umsjón og ritstjórn, efnis- og myndöflun, textaskrif, uppsetningarvinna með umbrotsmanni, leiðréttingar, frágangur og fundir/samskipti við verkkaupa og aðra.
- II. Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot. Samtals 1.250.000 kr.
- III. Prentun á 63.500 eintökum skv. tilboði frá Ísafold prentsmiðju. Samtals 3.795.750 kr.
- IV. Dreifing á höfuðborgarsvæðinu skv. tilboði Póstdreifingar. Samtals 1.937.585 kr.

Ekki var farið í útboðsferli fyrir einstaka liði enda fóru þeir ekki yfir viðmið um útboð og verðfyrirspurn.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari